

Mánudaginn 18. október 1971.

Nr. 175/1970. **Eimskipafélag Reykjavíkur h/f**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Protabúi Vátryggingafélagsins h/f

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Jónatan Þórmundsson.

Vátrygging. Endurkrafa. Tjónbætur. Frávísunarkröfu hrundið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1970. Er málið skyldi þingfest 2. október 1970, var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda, og gekk úti-vistardómur í málinu sama dag. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi áfrýjað máli þessu af nýju með stefnu 2. október 1970.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara lækkunar á kröfum hans.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þá hefur áfrýjandi krafizt þess, að verði hvorki aðalkrafa hans né varakrafa tekin til greina, þá verði tekið fram „í dómi Hæstaréttar, svo sem gert var í dómi réttarins í málinu nr. 63/1965, að vátryggjandi m/s Kötlu, Almennar Tryggingar h/f, beri ábyrgð gagnvart stefnda, þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, á greiðslu dæmdra fjárhæða, sem falla hlutfallslega á verðmæti m/s Kötlu, kr. 14.200.000.00“.

Bú Vátryggingafélagsins h/f, sem var aðili máls þessa í héraði, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 17. marz 1970, og hefur þrotabúi félagsins því tekið við aðild málsins hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Í dómi Hæstaréttar 21. júní 1965 í málinu nr. 63/1965 var ekki dæmt um kröfur þær, sem um er fjallað í máli þessu, og verður því frávísunarkrafa áfrýjanda eigi til greina tekin.

Með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar voru eiganda og áhöfn v/b Eldeyjar dæmd bjarglaun úr hendi eiganda m/s Kötlu vegna björgunar þess skips 31. janúar 1964. Í bjarglaunum voru innifaldar bætur til eiganda v/b Eldeyjar vegna aflatjóns, er báturinn hafði orðið fyrir, en taka varð hann til viðgerðar þegar eftir björgunina vegna skemmda, sem hann varð fyrir við björgunina. Skemmdir þessar voru á skrófuöxli bátsins, og varð að skipta um öxul. Er nú krafizt greiðslu á kostnaði vegna þessa, kr. 126.357.59. Ekki krafði eigandi v/b Eldeyjar um greiðslu á þessum kostnaði í hinu fyrra máli, og ekki gerði hann áskilnað um, að hans mundi síðar krafizt. Var viðgerð þó lokið, niðurjöfnun sjóttjóns hafði fram farið og viðgerðarkostnaðurinn verið greiddur, áður en það mál var höfðað. Getur því hvorki eigandi v/b Eldeyjar né stefndi, sem tók við rétti hans samkvæmt upphafsákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, krafizt nú um greiðslu þessa fjár. Ber því að sýkna áfrýjanda af þessum kröfuflið.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var með dómi Hæstaréttar 17. janúar 1966 eiganda v/b Eldeyjar dæmt að greiða eiganda og áhöfn v/b Vilborgar kr. 240.000.00, auk vaxta, í bjarglaun og kr. 60.000.00 í málskostnað vegna björgunar v/b Eldeyjar 31. janúar 1964. Krefur stefndi um fé þetta auk kr. 60.000.00, kostnaðar eiganda v/b Eldeyjar af því máli. Neyð sú, er v/b Eldey lenti í umrætt sinn, var í beinu framhaldi af björgun m/s Kötlu og orsakaðist af handvömm skipstjórnarmanna eða annarra skipverja á m/s Kötlu. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms um þessi atriði ber áfrýjandi fébótaábyrgð á þessu tjóni v/b Eldeyjar, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963. Bótakrafa þessi lá eigi ljós fyrir, fyrr en eftir að dæmt hafði

verið í bjarglaunamáli eiganda og váttryggjanda m/s Kötlu og eiganda og áhafnar v/b Eldeyjar. Voru því eigi efni til að hafa þá kröfu uppi í því máli. Eiganda v/b Eldeyjar var því heimilt að krefjast þess fjár í sérstöku máli, sbr. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi, sem innt hefur greiðslu þessa af hendi sem váttryggjandi v/b Eldeyjar, öðlaðist þar með rétt til að krefjast fjár þessa, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þetta fé með vöxtum, svo sem krafizt er, enda eiga lokaákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 hér ekki við.

Krafa áfrýjanda um ábyrgð Almennra Trygginga h/f á dæmdum fjárhæðum verður ekki til greina tekin, enda eru Almennar Tryggingar h/f ekki aðili að máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, þrotabúi Váttryggingafélagsins h/f, kr. 360.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 240.000.00 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 360.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 31. janúar 1964 bjargaði v/b Eldey, eign Eldeyjar h/f, m/s Kötlu, eign áfrýjanda, sem var í nauðum stödd í Keflavíkurhöfn. Dráttartaug, sem m/s Katla lagði til og notuð var við björgunina, lenti fyrir mistök í skrófu v/b Eldeyjar að björgun lokinni, svo að v/b Eldey varð að leita

á náðir v/b Vilborgar, sem þarna var stödd, sér til bjargar.

Með stefnu 8. júlí 1964 höfðaði eigandi v/b Eldeyjar mál á hendur eiganda m/s Kötlu til greiðslu bjarglauna, að fjárhæð kr. 10.626.189.00, sjóveðréttar og málskostnaðar. Héraðsdómur dæmdi áfrýjanda máls þessa hinn 17. febrúar 1965 til að greiða eiganda v/b Eldeyjar og áhöfn bjarglaun, að fjárhæð kr. 1.200.000.00, ásamt vöxtum og málskostnaði, kr. 110.000.00, hvort tveggja tryggt sjóveðrétti í m/s Kötlu. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem hækkaði bjarglaunin með dómi, uppkveðnum 21. júní 1965, í kr. 1.500.000.00, og ákvað málskostnað til handa Eldey h/f, kr. 215.000.00 fyrir báðum dómum. Var hvort tveggja tryggt sjóveði í m/s Kötlu.

Með stefnu 26. október 1964 höfðaði eigandi v/b Vilborgar mál á hendur eiganda v/b Eldeyjar til greiðslu bjarglauna. Var eigandi v/b Eldeyjar dæmdur til að greiða eiganda v/b Vilborgar vegna sjálfs sín og áhafnar skips í héraði hinn 12. apríl 1965 kr. 200.000.000 og í Hæstarétti hinn 17. janúar 1966 kr. 240.000.00 ásamt vöxtum og svo málskostnaði fyrir báðum dómum, kr. 60.000.00.

Til viðbótar þeim bjarglaunum, sem áfrýjanda máls þessa var dæmt að greiða eiganda v/b Eldeyjar með dómi Hæstaréttar 21. júní 1965, hefur stefndi máls þessa, váttryggjandi v/b Eldeyjar, greitt vegna bjargatburðarins 31. janúar 1964:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Tjón á öxli v/b Eldeyjar | kr. 126.357.59 |
| 2. Bjarglaun til eiganda og áhafnar v/b Vilborgar | — 240.000.00 |
| 3. Kostnaður af máli eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar | — 120.000.00 |

Samtals kr. 486.357.59

Endurkrefur stefndi nú áfrýjanda um þessa fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði í máli þessu.

Þegar bjarglaunamál eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu, áfrýjanda máls þess, sem nú er verið að dæma, var til meðferðar fyrir dómstólum, var vitað um skemmdir á öxli v/b Eldeyjar vegna bjargstarfans og bjarg-

launakröfu eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar. Var og bjarglaunamál eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar dæmt í héraði 12. apríl 1965, þ. e. áður en Hæstiréttur hinn 21. júní 1965 kvað upp dóm í bjarglaunamáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu. Ef eigandi v/b Eldeyjar og réttartakar hans hugðust skipta kröfum sínum á hendur eiganda m/s Kötlu vegna björgunar m/s Kötlu í fleiri en eina dómssök, varð og verður að gera þá eindregnu vöndugleikakröfu á hendur þeim í viðskiptum og málf lutningi, að þeir gerðu í nefndu bjarglaunamáli áskilnað um það. Réttarfarsákvæði 2. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 stendur alls eigi slíku efnislegu skilsemiskilyrði í vegi. Bar dómstólum því í bjarglaunamáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu að hafa hliðsjón af öxulskemmdum v/b Eldeyjar og bjarglaunaskuld eiganda v/b Eldeyjar til eiganda v/b Vilborgar. Er skylda þessa efnis lögð á dómstóla í 200. gr. siglingalaga nr. 66/1963, en þar segir, að taka skuli við ákvörðun bjarglauna meðal annarra atriða tillit til: „e) Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt; f) Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft . . .“. Ákvæði þessi eru alveg ótvíræð. Hæstiréttur dæmdi vitaskuld eftir þeim í bjarglaunamáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu hinn 21. júní 1965, en í þeim dómi segir: „Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, bykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00“. Þá segir í dómi Hæstaréttar 17. janúar 1966 í bjarglaunamáli eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar: „Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, verður við það að miða, að stefnda“, þ. e. Eldey h/f, „hafi verið greidd björgunarlaunin fyrir björgun m/s Kötlu“.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur bjarglaunamál eiganda v/b Eldeyjar og réttartaka hans á hendur eiganda m/s Kötlu fyrir björgun m/s Kötlu 31. janúar 1964 verið að fullu dæmt með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. júní 1965,

svo sem eindregin lög stóðu til. Ber því að fella héraðsdóm-
inn í máli því, sem hér er nú til meðferðar, úr gildi og svo
málsmeðferðina og vísa málinu frá dómstólum.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði
og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð er úr gildi felld,
og er málinu vísað frá dómstólum.

Stefndi, þrotabú Vátryggingafélagsins h/f, greiði áfrýj-
anda, Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f, málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, að viðlagðri aðför
að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. apríl 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Vátryggingafélagið
h/f í Reykjavík og Eldey h/f í Keflavík fyrir sjó- og verzlunar-
dóminum með stefnu, útgefinni 28. janúar 1966, á hendur Eim-
skipafélagi Reykjavíkur h/f í Reykjavík og til réttargæzlu Al-
mennum Tryggingum h/f í Reykjavík til greiðslu á kr. 486.357.59
með 7% ársvöxtum af kr. 366.357.59 frá 31. janúar 1964 til 1.
janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966
og 6% ársvöxtum af kr. 486.357.59 frá þeim degi til greiðsludags
svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögman-
félags Íslands.

Stefndi krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi.
Gekk úrskurður um þá kröfu sérstaklega hinn 11. desember 1969,
en með honum var frávísunarkröfunni hrundið.

Í efnisþætti málsins hefur stefndi krafizt algerrar sýknu og
málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Í þinghaldi hinn 23. janúar 1970 voru stefnukröfurnar eingöngu
hafðar uppi af hálfu Vátryggingafélagsins h/f, sem greitt hefur
Eldey h/f hinar umstefndu kröfur. Stefndi féll í sama þinghaldi
frá kröfum sínum á hendur Eldey h/f.

Málsatvik eru þau, að hinn 31. janúar 1964 lá við, að m/s
Katla, eign stefnda, strandaði í Keflavíkurhöfn, er skipið var að
fara þar frá bryggju. V/b Eldey, eign Eldeyjar h/f, var staddur
í höfninni og kom m/s Kötlu til hjálpar. Eftir að hafa komið m/s

Kötlu úr hættu, lenti dráttartaugin í skrúfu v/b Eldeyjar, sem þá varð hjálparþurfi. V/b Vilborg var nærstaddur og kom v/b Eldey til hjálpar og dró hann til hafnar.

Með stefnu, útgefinni 8. júlí 1964, höfðaði eigandi v/b Eldeyjar mál á hendur eiganda m/s Kötlu til björgunarlauna að fjárhæð kr. 10.626.189.00. Gekkk dómur í héraði þess máls hinn 17. febrúar 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 21. júní 1965. Í dómi Hæstaréttar er staðfest sú úrlausn héraðsdóms, að hjálp sú, er v/b Eldey veitti m/s Kötlu, hafi verið björgun í merkingu siglingalaga nr. 66/1963. Síðan segir í dómi Hæstaréttar, að „í málinu verður að leggja það til grundvallar, að dráttartaugin, sem notuð var og m/s Katla lagði til, hafi losnað frá m/s Kötlu, áður en henni hafði verið sleppt frá v/b Eldey. Lenti taugin í skrúfu vélbátsins, og rak bátinn að landi. Af þessum sökum var nauðsynlegt að fara með bátinn til viðgerðar í Reykjavík. Tafðist hann frá veiðum allan febrúarmánuð. Þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um aflatjón v/b Eldeyjar, kr. 325.000.00, og um verðmæti þess, sem bjargað var, kr. 29.304.944.00.

Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, þykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00“.

Með stefnu, útgefinni 26. október 1964, höfðaði eigandi v/b Vilborgar mál á hendur eiganda v/b Eldeyjar til björgunarlauna vegna hjálpar þeirrar, er báturinn veitti v/b Eldey. Dómur í héraði þess máls gekk hinn 12. apríl 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 17. janúar 1966 með þeirri niðurstöðu, að eiganda v/b Vilborgar voru dæmd björgunarlaun fyrir hjálp bátsins við v/b Eldey, kr. 240.000.00.

Krafa stefnanda í þessu máli er sú, að það hafi verið fyrir stórkostlega vangá skipverja á m/s Kötlu með því að sleppa dráttartauginni, skipverjum v/b Eldeyjar að óvörum, að v/b Eldey lenti í hættuástandi og sem leiddi til björgunarlauna til v/b Vilborgar fyrir hjálp hans við v/b Eldey. Hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti hafi verið höfð uppi krafa um þátt v/b Vilborgar við v/b Eldey og því ekki tillit til þess tekið í dómi Hæstaréttar um ákvörðun björgunarlauna v/b Eldeyjar fyrir björgun m/s Kötlu. Enn fremur hafi ekki verið gerð krafa í björgunarmáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu um viðgerðartjón á öxli v/b Eldeyjar, sem orsakaðist af því, að dráttartaugin lenti í skrúfu skipsins. Hins vegar hafi krafa verið uppi höfð um aflatjón v/b Eldeyjar í málinu, sem leiddi af tölfrægu vegna viðgerðar

á öxli skipsins, og hafi Hæstiréttur dæmt um þá kröfu. Gerir stefnandi því kröfu í þessu máli, að stefndi verði dæmdur til að greiða:

Tjón á öxli v/b Eldeyjar	kr. 126.357.59
Björgunarlaun v/b Vilborgar	— 240.000.00
Málskostnað í því björgunarmáli —	120.000.00

Samtals kr. 486.357.59

sem er krafa hans í málinu.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að með greiðslu hinna dæmdu björgunarlauna í máli Eldeyjar h/f gegn eiganda m/s Kötlu hafi eigandi v/b Eldeyjar fengið fulla og endanlega greiðslu á öllum kröfum sínum í máli þessu. Bendir stefndi á í því sambandi, að þá er eigandi v/b Eldeyjar höfðaði björgunarmál sitt á hendur eiganda m/s Kötlu hinn 8. júlí 1964, hafi hann þegar vitað um öxultjónið, enda sérstök krafa höfð uppi vegna aflatjóns, en það tjón var afleiðing öxultjónsins. Einnig vissi eigandi v/b Eldeyjar á þeim tíma, að eigandi v/b Vilborgar mundi gera björgunarlaunakröfu á hendur Eldey h/f vegna þeirrar hjálpar, sem v/b Vilborg veitti v/b Eldey. Kom hvort tveggja þetta greinilega fram í skjölum Kötlumálsins. Þá bendir stefndi á það, að í 200. gr. siglingalaga nr. 66/1963 séu talin upp þau atriði, sem sérstaklega skuli gætt við ákvörðun björgunarlauna, og vísar hann sérstaklega á d, e og f lið greinarinnar. Öllum þeim atriðum, sem til eru nefnd í 200. gr. siglingalaganna, bar stefnanda að beita í fullu í málssókn sinni gegn eiganda m/s Kötlu. Hafi svo eigi verið gert, sem stefndi mótmælir, þá verður eigandi v/b Eldeyjar að taka afleiðingum þess.

Einnig mótmælir stefndi því eindregið, að skipverjum m/s Kötlu hafi orðið á einhver handvömm við losun dráttartaugarinnar á milli skipanna í margnefnt sinn. Það, að dráttartaugin lenti í skrúfu v/b Eldeyjar, hafi verið fyrir hreina óhappatilviljun, svo sem oftlega kemur fyrir á sjó og þá sérstaklega í sambandi við björgun.

Þá mótmælir stefndi stefnukröfum sem óhóflega háum og krefst lækunar á þeim. Í því efni krefst hann þess, að beitt verði 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, en sú lagagrein útiloki endurkröfurétt stefnanda Váttryggingafélagsins. Og í annan stað, að ef um handvömm hafi verið að ræða, þá sé hún gagnkvæm af hálfu skipverja beggja skipanna og jöfn.

Í sjóferðarprófi, sem haldið var vegna björgunar v/b Eldeyjar

á m/s Kötlu, skýrði Henry Kristjánsson, stýrimaður á v/b Eldey, sem hafði með höndum stjórn skipsins við björgunina, svo frá, að eftir að m/s Katla var laus og fór að nota skrúfu, hafi þeir á v/b Eldey dregið skut m/s Kötlu svo til, að stefni skipsins sneri upp í vind, en þá hafi skipið fyrst getað siglt áfram. Þá hafi það skeð, að m/s Kötlu var siglt áfram án þess að stöðva til að gefa þeim á v/b Eldey ráðrúm til að losa dráttartaugina milli skipanna, en enda frá henni var komið yfir frá m/s Kötlu í v/b Eldey. Aðvörunarlaust hafi m/s Katla sleppt dráttartauginni sín megin, án þess að þeir á v/b Eldey gætu slakað á eða losað enda dráttartaugarinnar, með þeim afleiðingum, að dráttartaugin fór í skrúfu v/b Eldeyjar. Við það hafi v/b Eldey orðið ósjálfbjarga.

Svanlaugur B. Þorsteinsson, háseti á m/s Kötlu, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að störfum aftur á skipinu. V/b Eldey hafi dregið skipið út undir bryggjuna eftir að hafa losað það af grunni og hafi hann þá veitt því athygli, að skipið var farið að keyra sjálft. Er m/s Katla hafi verið komin vel fram fyrir bryggjuna, hafi þeir aftur á skipinu verið beðnir um að draga inn dráttartaugina. Hafi þeir verið byrjaðir að losa hana af pollanum til þess að koma henni á spilakoppinn, en um leið og þeir hafi verið búnir að losa hana af pollanum, hafi eitthvað togað í hana, svo þeir hafi misst hana út úr höndunum og í sjóinn. Taldi hann ástæðuna til þess þá, að dráttartaugin hafi festst einhvern veginn í v/b Eldey og hann togað taugina úr höndum þeirra. Hann kvaðst ekki minnst þess, að stýrimaður hafi verið með þeim aftur á skipinu, og taldi, að fyrirmæli til þeirra þar hafi komið úr brúnni.

Haukur S. Meldal, háseti á m/s Kötlu, skýrði svo frá, að er v/b Eldey var búin að draga m/s Kötlu á flot, hafi þeir aftur á skipinu verið beðnir að hifa dráttartaugina inn, en þegar þeir hafi verið búnir að losa hana af pollanum, hafi hún kippzt úr höndunum á þeim. Hann kvaðst ekki vita, hvort þeir á v/b Eldey hafi verið búnir að sleppa dráttartauginni, þegar þetta gerðist, og heldur ekki kvaðst hann vita, hvort nokkur orð hafi farið á milli skipanna um það.

Af framburði þeirra Henrys Kristjánssonar og Svanlaugs B. Þorsteinssonar er ljóst, að m/s Kötlu var siglt með eigin vélarafli, eftir að skipið var laust af grunni og aðstaða leyfði, en áður en dráttartauginni var sleppt milli skipanna. Verður eigi séð, að sú sigling m/s Kötlu hafi verið stöðvuð, er ákvörðun var tekin þar á skipi að draga dráttartaugina inn. Mátti skipverjum á m/s

Kötlu vera ljóst, að varhugavert var að losa dráttartaugina af „polla“ án þess fyrst að hafa gert ráðstafanir til þess, að hún áfram væri föst við skipið, meðan þeir ekki höfðu vissu fyrir því, að enda hennar hefði verið sleppt frá v/b Eldey. Er það álit hins sérfróða meðdómanda um siglingar svo og formanns dómsins, sem nokkra reynslu hefur af sjómennsku, að auðvelt hefði verið og eðlilegt, að slíkt yrði gert við hér umræddar aðstæður. Telur dómurinn því, að skipverjar á m/s Kötlu hafi í margnefnt sinn sýnt af sér gáleysi í starfi og orðið með því valdir að því, að v/b Eldey fékk dráttartaugina í skrúfu, sem leiddi til skemmda á skipinu og hjálparþörf þess. Ber eigandi m/s Kötlu fébótaábyrgð á nefndri yfirsjón skipverja, sbr. 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Er honum skylt að bæta að fullu ofangreint tjón, en frá mistökunum stafaði, þar sem ekki verður fallizt á, að við skipverja á v/b Eldey hafi verið að sakast.

Eins og áður er að vikið hér að framan, var v/b Vilborgu dæmd björgunarlaun fyrir aðstoð sína við v/b Eldey. Stefnandi, váttryggjandi v/b Eldeyjar, greiddi hin dæmdu björgunarlaun svo og málskostnað í málaferlum, er af því dómsmáli leiddi, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig greiddi stefnandi kostnað af viðgerð á öxli v/b Eldeyjar, sem varð vegna komu dráttartaugarinnar í skrúfu skipsins. Hefur fjárhæðum þessum ekki verið mót-mælt sérstaklega. Hins vegar er því haldið fram, að lækka beri eða fella niður skaðabótaábyrgð stefnda samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Á það verður ekki fallizt, þar sem ekki verður talið, eins og ábyrgð stefnda er háttað, að skilyrði séu til að beita nefndum reglum 25. gr. laga nr. 20/1954.

Er þá athugunarefni, hvort nefnt tjón hafi verið bætt í björgunarlaunum, sem eiganda v/b Eldeyjar voru dæmd með dómi Hæstaréttar frá 21. júní 1965. Í málinu liggur fyrir endurrit af dómi Hæstaréttar í því máli svo og í máli eiganda og áhafnar v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar. Enn fremur liggur fyrir ágríp af hinu fyrrnefnda máli Hæstaréttar.

Eins og fyrr greinir, höfðaði eigandi v/b Vilborgar mál á hendur eiganda m/s Kötlu fyrir héraðsdómi í júlímánuði 1964. Lá þá fyrir fjárhæð kostnaðar vegna viðgerðar á öxulskemmdum skipsins. Eigi sést, að sjálfstæð krafa hafi verið uppi höfð í málinu um þá kröfu, en hins vegar sjálfstæð krafa um aflatjón skipsins, sem var afleiðing öxulskemmdanna. Verður eigi annað séð, en að sama hafi verið gert fyrir Hæstarétti, sbr. dómsniðurstöðu Hæstaréttar. Hér í þessu máli hefur verið lögð fram niðjurjöfn-

unarskýrsla um öxultjónið, dags. 5. júní 1964, sem krafa stefnanda er að þessu leyti byggð á. Dómsskjal þetta ber það eigi með sér, að það hafi verið lagt fram í öðru dómsmáli.

Mál út af kröfu eiganda v/b Vilborgar til björgunarlauna fyrir hjálp skipsins við v/b Eldey var höfðað fyrir héraðsdómi í október 1964 og dæmt þar hinn 12. apríl 1965. Var það mál undir áfrýjun, þegar dómur gekk í Hæstarétti milli eiganda v/b Eldeyjar og eiganda m/s Kötlu. Á því stigi var því eigi ljóst, hverjar yrðu endanlegar lyktir síðara málsins.

Að þessu framansögðu athuguðu svo og því, að eigi verður séð af gögnum þeim, sem fyrir liggja úr hæstaréttarmálinu milli eigenda v/b Eldeyjar og m/s Kötlu, að tillit hafi verið tekið til tjóns þess, er stefnandi gerir nú kröfu til, við ákvörðun björgunarlaunanna til eiganda v/b Eldeyjar, þykir verða að grundvalladóm í þessu máli á því, að svo hafi ekki verið gert.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir því bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu. Er í því sambandi eigi talið með vísan til þess, sem áður er rakið, að kröfur þessar séu fallnar niður fyrir þá sök, að þær voru eigi uppi hafðar í björgunarmálinu gegn eiganda m/s Kötlu, þótt þess væri kostur. Hins vegar þykir með hliðsjón af því bera að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Björnssyni skipstjóra og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, greiði stefnanda, Vátryggingafélaginu h/f, kr. 486.357.59 með 7% ársvöxtum af kr. 366.357.59 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 486.357.59 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 11. f. m., hefur Vátryggingafélagið h/f í Reykjavík og Eldey h/f í Keflavík höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 28.

janúar 1966, á hendur Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f í Reykjavík og til réttargæzlu Almennum Tryggingum í Reykjavík til greiðslu á kr. 486.357.59 með 7% ársvöxtum af kr. 366.357.59 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 486.357.59 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Munnlegur málf lutningur fór fram um frávisunarkröfu stefnda sérstaklega og sú krafa tekin til dóms eða úrskurðar.

Stefndur kröfðust þess þá, að frávisunarkröfu stefnda yrði hrundið.

Málsatvik eru þau, að hinn 31. janúar lá við, að m/s Katla, eign stefnda, strandaði í Keflavíkurhöfn, er skipið var að fara þar frá bryggju. V/b Eldey, eign Eldeyjar h/f, var staddur í höfninni og kom m/s Kötlu til hjálpar. Eftir að hafa komið m/s Kötlu úr hættu lenti dráttartaugin í skrúfu v/b Eldeyjar, sem þá varð hjálparþurfi. V/b Vilborg var nærstaddur og kom v/b Eldey til hjálpar og dró til hafnar.

Með stefnu, útgefinni 8. júlí 1964, höfðaði eigandi v/b Eldeyjar mál á hendur eiganda m/s Kötlu til björgunarlauna að fjárhæð kr. 10.626.189.00. Gekk dómur í héraði þess máls hinn 17. febrúar 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 21. júní 1965. Í dómi Hæstaréttar er staðfest sú úrlausn héraðsdóms, að hjálp sú, er v/b Eldey veitti m/s Kötlu, hafi verið björgun í merkingu siglingalaganna nr. 66/1963. Síðan segir í dómi Hæstaréttar, að „í málinu verður að leggja það til grundvallar, að dráttartaugin, sem notuð var og m/s Katla lagði til, hafi losnað frá m/s Kötlu, áður en henni hafði verið sleppt frá v/b Eldey. Lenti taugin í skrúfu vélbátsins, og rak bátinn að landi. Af þessum sökum var nauðsynlegt að fara með bátinn til viðgerðar í Reykjavík. Tafðist hann frá veiðum allan febrúarmánuð. Þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um aflatjón v/b Eldeyjar, kr. 325.000.00, og um verðmæti þess, sem bjargað var, kr. 29.304.944.00.

Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, þykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00“.

Með stefnu, útgefinni 26. október 1964, höfðaði eigandi v/b

Vilborgar mál á hendur eiganda v/b Eldeyjar til björgunarlauna vegna hjálpar þeirrar, sem báturinn veitti v/b Eldey. Dómur í héraði þess máls gekk hinn 12. apríl 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 17. janúar 1966 með þeirri niðurstöðu, að eiganda v/b Vilborgar voru dæmd björgunarlaun fyrir hjálp bátsins við v/b Eldey, kr. 240.000.00.

Krafa stefnanda í þessu máli er sú, að það hafi verið fyrir stórkostlega vangá skipverja á m/s Kötlu með því að sleppa dráttartauginni, skipverjum v/b Eldeyjar að óvörum, að v/b Eldey lenti í hættuástandi og sem leiddi til björgunarlauna til v/b Vilborgar fyrir hjálp hans við v/b Eldey. Í dómi Hæstaréttar frá 17. febrúar 1965 hafi ekki verið höfð uppi krafa um þátt v/b Vilborgar við v/b Eldey og því ekki til þess atriðis tekið í úrlausn dómsins um ákvörðun björgunarlauna v/b Eldeyjar fyrir björgun m/s Kötlu. Enn fremur hafi ekki verið gerð krafa í björgunarmáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu um viðgerðartjón á öxli v/b Eldeyjar, sem orsakaðist af því, að dráttartaugin lenti í skrúfu skipsins. Hins vegar hafi verið uppi höfð krafa um aflatjón v/b Eldeyjar í málinu, sem leiddi af töf skipsins vegna viðgerðar á öxli, og hafi Hæstiréttur dæmt um þá kröfu. Gerir stefnandi því kröfu í þessu máli, að stefndi verði dæmdur til að greiða:

Tjón á öxli v/b Eldeyjar	kr. 126.357.59
Björgunarlaun v/b Vilborgar . . .	— 240.000.00
Málkostnað í því björgunarmáli —	120.000.00

Samtals kr. 486.357.59

sem er krafa hans í málinu.

Stefnandi Vátryggingafélagið h/f hefur greitt eiganda Eldeyjar h/f tjón vegna öxulskemmdanna, kr. 126.357.59, samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, sem ekki hefur verið mótmælt.

Frávísunarkrafa stefnda í málinu er studd þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar um björgunarlaun til handa eiganda v/b Eldeyjar vegna hjálpar við m/s Kötlu hafi tillit verið tekið til öxultjóns v/b Eldeyjar og björgunarlauna v/b Vilborgar vegna v/b Eldeyjar. Sé því þegar búið að dæma um kröfur þessa máls í dómi Hæstaréttar frá 21. júní 1965, þar sem báðar þær kröfur voru komnar fram, áður en Hæstiréttur kvað upp dóm sinn um ákvörðun björgunarlauna til handa eiganda v/b Eldeyjar vegna björgunar m/s Kötlu. Beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Í málinu liggur fyrir endurrit af dómum Hæstaréttar í máli eiganda v/b Eldeyjar gegn eiganda og váttryggjanda m/s Kötlu svo og máli eiganda og áhafnar v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar. Enn fremur liggur fyrir ágríp af hinu fyrrnefnda máli Hæstaréttar.

Eins og málið nú liggur fyrir, þykir stefndi eigi hafa fært að því sönnur, að um kröfur málsins hafi verið dæmt í dómi Hæstaréttar í máli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu frá 21. júní 1965. Þykir því eigi á þessu stigi unnt að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Ákvörðun um málskostnað í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt Jóni Björnssyni skipstjóra og Gauki Jörundssyni prófessor, en uppkvaðning hans hefur dregizt fram yfir venju vegna anna.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa stefnda í málinu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 18. október 1971.

Nr. 221/1970. **Ólafur Finnbogason**
(Jón Oddsson hdl.)

gegn

Jöklum h/f
(Valgarð Briem hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1970, en málið var fellt þar niður 2. desember 1970 sökum útivistar hans. Hann skaut málinu öðru